



Úttekt

Málsnúmer: 2022080106

Búið til: 08/19/2022

Eigandi skjals: Ásgeir Björnsson

Eftirlitsskýrsla

Dagsetning ferðar:	08/18/2022	Tími ferðar:	13:00 - 13:15
Fulltrúi HER:	Ásgeir Björnsson/BV/RVK/IS	Fulltrúi HER sem fór með:	
Tilfni skýrslu:	Úttekt		
Fyrirtækjaflokkur:	45.11 Niðurrif bygginga, jarðvegsvinna		

Leyfi og eftirlitsferð

Númer leyfis:		Kennitala leyfishafa:	4711119-0160
Heiti leyfishafa:	MT Ísland ehf.	Staður leyfishafa:	Vagnhöfði 17
Hvert eftirlitsferð var farin:		Staða reiknings:	Reikningsfært
		Númer reiknings:	22080056

Athugasemdir

Skýringar á hugtökum :

Frávik eru skráð ef um er að ræða skýr brot á ákvæðum starfsleyfis eða laga og reglugerða er um starfsemina gilda. Um er að ræða frávik sem fylgt er sérstaklega eftir við eftirfylgni .

Ábending er skráð ef ekki er skýrt að um frávik sé að ræða en um er að ræða ástand sem heilbrigðisfulltrúi telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar , umhverfisverndar og öryggis .

Athugasemdir :

Heilbrigðiseftirlitið kom í úttekt vegna niðurrifs á asbesti í húsnæði við Ármúla 6. Rætt var við Þröst M. Sveinsson starfsmann MT Íslands og Smára Gunnarsson fulltrúa verktaka sem eru að breyta húsnæðinu. Húsnæðið var skoðað og myndir teknar.

Við vinnu við að skipta út gluggum á jarðhæð í húsnæðinu kom í ljós asbest ofan við fjóra glugga . Verkið var stöðvað og lögð inn umsókn um starfsleyfi hjá Heilbrigðiseftirlitið Reykjavíkur og sótt um leyfi hjá Vinnueftirlitinu .

Um er að ræða mjóa asbestplöturönd ofan við sérhvern glugga sem gæti verið samanlagt 1 m2 að flatarmáli.

Farið var yfir verklag við niðurrifið . Áætlað er að verkið taki einn dag.

Húsnæði næst verksvæðinu verður lokað af og varúðarmerkt á meðan vinna fer þar fram . Þegar búið er að fjarlægja asbestið og þrifa verður haldið áfram með vinnu við að skipta út viðkomandi gluggum.

Búið er að skerma af gluggasvæði með asbesti með plasti sem hluti af undirbúningi fyrir niðurrif og hreinsun á asbestinu.

Notaðir verða blásarar til að vera með undirþrýsting á verksvæðinu þegar unnið er við niðurrif og hreinsun á asbesti.

Það á að lágmarka asbestryk með því að bleyta í og reyna að ná asbestplötunum sem heillegustum af vegg. **Ábending.**

Asbestið verður sett jafnóðum í plastpoka og svo í plastlát áður en farið verður með það út úr húsinu. Það á einnig við um plast sem notað til að skerma verksvæðið af og einnota búnað sem gæti hafa komist í snertingu við asbest. **Ábending.**

Kröfur

Niðurstaða eftirlits

Á einungis við starfsleyfiskyld fyrirtæki í Reykjavík. Niðurstaða er birt á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að loknum andmælarétti. Jafnframt er hægt að óska eftir að fá eftirlitsskýrslu senda

- 5 - Kröfur uppfylltar / fáeinar ábendingar
- 4 - Fáein frávik / ábendingar
- 3 - Frávik / ábendingar
- 2 - Aðkallandi frávik / ábendingar
- 1 - Starfsemi takmörkuð / stöðvuð að hluta
- 0 - Starfsemi stöðvuð

Hollustuhættir:
Matvæli:
Mengunarvarnir:
Heildareinkunn: